HÚNAÞING VESTRA
KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2337
komudagur 23.4. 2008

Hvammstangi 22. apríl 2008

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík.

**Varðar: Umsögn um frumvarp.**

Á fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 21. apríl sl. var fram lagt til umræðu og afgreiðslu bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis en þar er óskað umsagna sveitarstjórna á frumvarpi til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga.
Vegna framkomins frumvarps ályktar byggðarráð eftirfarandi:

„Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir þungum áhyggjum að framkomnu frumvarpi sem heimilar frjálsan innflutning á kjötafurðum og fyrirsjáanlegum áhrifum þess á stöðu landbúnaðar á Íslandi bæði stöðu búrekstraraðila og afurðarstöðva. Verði frumvarpið staðfest óbreytt óttast byggðarráð að framundan sé mikill samdráttur í atvinnulífi á landsbyggðinni og því skorar byggðarráð Húnaþings vestra á stjórnvöld að taka frumvarpið til gagngerar endurskoðunar.“

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.